

**209. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
þriðjudaginn 29. ágúst 2023 og hófst hann kl. 15:15.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna og Sólveig Sigurðardóttir deildarstjóri farsældarþjónustu barna.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

- 1. 2306146 - Fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2025-2027**
10. ágúst síðast liðinn var tíma- og verkáætlun vegna fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2024 samþykkt í bæjarráði.

Bæjarráð lagði áherslu á að áætlunin væri kynnt forstöðumönnum, fagráðum og nefndum.

Hefur sviðsstjóri óskað eftir fundi með deildarstjóra fjármála og launa, ásamt stjórnendum, til að undirbúa fjárhagsáætlanagerð og samræma nálgun í þeirri vinnu.

Lagt fram til kynningar.

- 2. 2308162 - Framkvæmdaáætlun í barnaverndarþjónustu 2023-2027**
Mennta- og barnamálaráðherra kynnti efnistök nýrrar framkvæmdaáætlunar í barnaverndarþjónustu 2023-2027.

Málið kynnt.

- 3. 2306042 - Gott að eldast - Samstarfsverkefni**
Á stjórnarfundi SSV þann 23. ágúst 2023 var eftirfarandi bókun gerð um þátttöku í verkefni: Fórum alla leið- Samþætt þjónusta í heimahúsum.

Þann 23. ágúst barst einnig tilkynning frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti um framlengingu umsóknarfrests um þátttöku í þróunarverkefni til 14.september 2023.

Öldrunarþjónusta á Vesturlandi

Rætt um verkefni félags- og vinnumálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins, Fórum alla leið- samþætt þjónusta í heimahúsum. Stjórn SSV samþykkti að senda inn umsókn í verkefnið og bókaði eftirfarandi: Með hliðsjón af umræðu á opnum fundi á vegum SSV um samþættingu öldrunarþjónustu með fulltrúum sveitarfélaga og öðrum aðilum sem þjónusta eldri borgara á Vesturlandi, sem fram fór 14. ágúst s.l. samþykkir stjórn eftirfarandi:

Stjórn SSV felur framkvæmdastjóra í samráði við vinnuhóp SSV um eflingu öldrunarþjónustu að senda inn umsókn í verkefnið: Fórum alla leið - samþætt þjónusta í heimahúsum.

Velferðar- og mannréttindaráð fjallar um bókun stjórnar SSV og lýsir ánægju sinni yfir þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið á Vesturlandi um sameiginlega þátttöku í verkefninu.

4. 2209259 - Stefnumótun Akraneskaupstaðar

Stefnumótun Akraneskaupstaðar lögð fram til að fjalla um þau stefnuverkefni sem velferðar- og mannréttindaráð kýs að setja á oddinn til ársins 2025.

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að starfshópur um stefnumótun Akraneskaupstaðar haldi vinnufund um stefnuna með bæjarfulltrúum, ráðsfólki og stjórnendum málaflokka hjá kaupstaðnum.

5. 2308059 - Kvennaráðgjöfin - beiðni um fjárframlag fyrir 2023

Beiðni um fjárframlag til Kvennaráðgjafarinnar fyrir rekstrarárið 2023 barst þann 9. ágúst sl. að upphæð kr. 250.000. Kvennaráðgjöfin býður upp á ókeypis lögfræði og félagsráðgjöf fyrir konur.

Velferðar- og mannréttindaráð vísar beiðni Kvennaráðgjafarinnar til bæjarráðs.

6. 2105210 - Reglur Akraneskaupstaðar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks

Auglýsing styrkja vegna náms og verkfæra- og tækjakaupa fyrir fatlað fólk 2023.

Velferðar- og mannréttindaráð felur starfsmönnum að auglýsa styrkinn skv. 3. gr. reglna um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fyrir fatlað fólk.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Kristinn H. Steinsson
Árni Ólafsson
Eindr Braudsson
Sölveig Sigurðardóttir
Hilgrímur Arnar Guðmundsson
Sveinbjorg Kristjánsdóttir